

Mál nr. 398/2010

M

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys, fall við nýbyggingu þann 29.05. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.12. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.01. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M var við vinnu sína við nýbyggingu með gólfslípivél er hann missti hana stjórnlaus af stað með þeim afleiðingum að hún fór út af svölum og féll M á eftir vélinni þannig að meiðsl hlaut af sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu vinnuveitandans. Félagið vísar m.a. til 20 ára starfsreynslu M af vinnu við nýbyggingar. Hann hafi unnið hjá vátryggingartaka í 3 ár er slysið varð og sem verkstjóri á vinnustaðnum. Hann hafi því hlutverki að gegna sem verkstjóri að sjá um fallvarnir.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Vinnueftirlitið telur að orsök slyssins sé að rekja til "þess að ekki voru fallvarnir við húsið en samverkandi þáttur að M var óvanur vélinni".

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til aðgæsluleysis M sjálfs. Telja verður að M hafi borið, sem verkstjóri, að gæta að fallvörnum. Ekki hefur verið sýnt fram á að hann hafi gert athugasemdir við aðstæður á vettvangi máls þessa.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 18. janúar 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.